**Sþ.** **999. Þingsályktun**

um ríkisábyrgð á rafveituláni fyrir Sauðárkrókshrepp.

(Afgreidd frá Sþ. 30. jan.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að tveggja millj. króna lán, sem Sauðárkrókshreppur tekur til rafvirkjunar Göngu-skarðsár og til þess að standast kostnað við endurbætur á rafleiðslukerfi kaup-túnsins. Ábyrgð þessi má þó ekki ná til hærri fjárhæðar en nema mundi 85% af stofnkostnaði rafveitunnar. Ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem ráðuneytið samþykkir.